

**AUGLÝSING****um umferð á Seltjarnarnesi.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar hefur allur framúrakstur verið bannaður á Norðurströnd milli Barðastrandar og Lindarbrautar.

*Bæjarfógetinn á Seltjarnarnesi, 17. júlí 1975.*

**Ólafur Jónsson, ftr.**

Nr. 419.

22. ágúst 1975.

**REGLUGERÐ****um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.**

Samkvæmt 2. tölulið 4. gr. reglugerðar nr. 107 30. maí 1974, er sjúkrasamlögum heimilt að greiða samkvæmt ákvæðum 3. greinar reglugerðarinnar sérlyfið Lunerin töflur og lausn Draco, sem er óskráð sérlyf, en notað samkvæmt sérstakri heimild.

Þetta birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. ágúst 1975.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Almar Grimsson.*

Nr. 420.

26. ágúst 1975.

**AUGLÝSING****um umferð í Borgarneskauptúni.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Sæunnargata, Þórólfsgrata og Böðvarsgata verða aðalbrautir frá Borgarbraut að vestan og að Borgarbraut að norðan fyrir öllum aðliggjandi götum.
2. Biðskylda verður úr Þórðargötu og Sandvík gagnvart Borgarbraut.
3. Vinstri beygja verður bönnuð vörubifreiðum og rútum úr Brákarbraut og inn á Egilsgötu.
4. Bifreiðastöður verða bannaðar á eftirtöldum stöðum:  
Á Skólastíg frá Gunnlaugsgötu að Samkomuhúsi, á Brákarbraut að vestan frá Egilsgötu að Skúlagötu, á Borgarbraut beggja vegna frá Egilsgötu að Kveldúlfsgötu og á Kveldúlfsgötu að vestan.
5. Tekið verður upp 30 mínútna stöðuleyfi frá kl. 9—18 á Egilsgötu að norðan-verðu.

*Lögreglustjórnin í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 26. ágúst 1975.*

**Ásgeir Pétursson.**